



**BLINDRAFÉLAGIÐ**

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi

*Alþingi  
Erindi nr. P 136/487  
komudagur 15.12.2008*

Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis,  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10, 3. hæð  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, 234. mál**

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, fagnar framkomnu frumvarpi til laga um þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Að mati stjórnar Blindrafélagsins er hér um gífurlega mikilvægt mál að ræða sem snýr að því að koma þjónustu við blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga í viðunandi horf, en þessi málaflokkur hefur verið vanræktur um margra ára skeið. Samþykkt þessa frumvarps mun verða mikið framfaraskref fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga.

Stjórn Blindrafélagsins, sem hagsmunaðili í málinu, hefur átt þess kost að eiga fulltrúa í þeirri vinnu sem komið hefur að því að móta allar megin áherslur í þessu máli. Samráð við þessa vinnu hefur verið víðtækt og árangursríkt, þannig að breið samstaða er nú um allar megináherslur málsins. Því samráði ber að fagna.

Stjórn Blindrafélagsins, samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi, mælir með því að frumvarpið verði samþykkt og gerir engar athugasemdir við efni þess. Raunar vill stjórnin nota þetta tækifæri og hvetja félags- og tryggingarmálanefnd Alþingis að gera allt sem í hennar valdi stendur til að tryggja að frumvarpið verði að lögum fyrir áramót, þannig að hin nýja þjónustu og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga, geti hafið störf í upphafi árs 2009. Það er mjög mikilvægt þegar höfð er í huga öll sú undirbúningsvinna sem unnin hefur verið á undnaförnum tveimur árum, og sú staða sem málaflokkurinn er í.

Reykjavík, 15. desember 2008.

f.h. stjórnar Blindrafélagsins,  
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi

Kristinn Halldór Einarsson  
formaður